


Sá guðlega þenkjandi náttúruskoðari

Ráðstefna um Jón lærða Jónsson í Möðrufelli í Eyjafirði 8. september



Ráðstefnan verður haldin í félagsheimilinu Laugarborg, Hrafnagili laugardaginn 8. september n.k. kl. 11-17

Ekkert ráðstefnugjald er né þörf að skrá sig en þeir sem eru ákveðnir að koma geta látið Guðmund vita á gudmundur.gudmundsson@kirkjan.is eða í síma 897 3302. Veitingar verða í boði á staðnum á vægu verði.



Ráðstefna um efni sem skiptir máli úr fortíðinni fyrir framtíðina. Kastljósinu verður beint að Jóni Jónssyni (1759-1846), prest í Grundarþingum, fróðum manni með vakandi huga fyrir náttúru og samfélagi, en einnig menningu og trúarbrögðum á hans tímum. Í Grundarkirkju var bókasafn á kirkjuloftinu frá Jóni síðan 1839 sem nú hefur verið skráð og verður opnuð sýning á því í lok ráðstefnunnar á bókasafninu á Hrafnagili. Þá verður einnig greint frá handritum sem Jón yngri eða lærði, sem urðu viðurnefni hans, skrifaði. Þar á meðal eru veðurdagbækur sem faðir hans Jón Jónsson eldri byrjaði á og Jón yngri hélt áfram með og spanna nær 100 ár. Náttúruleg guðfræði var stunduð á þessum árum þar sem

sköpunarverkið var skoðað til að skilja Guð og veröldina (það var fyrir daga Darwins). Spurt verður: Geta vísindi liðins tíma lagt eitthvað til málanna? Jón þýddi bók Shums nokkurs sem ber heitið *Sá guðlega þenkjandi náttúrskoðari*, sem fær sérstaka athygli á ráðstefnunni. Jón lærði hefur orðið að bókmenntapersónu og sögur af honum hafa vakið athygli. Þær eru nokkuð mótsagnakenndar svo spurt er um hans heittrúuðu harðneskju, en einnig gamansemi, staðfestu og þjónustulund. Leitast er við að varpa ljósi á staðbundna sögu og menningu í Eyjafirði og setja í samhengi þegar lútherskur rétrúnaður mætti upplýsingastefnunni og skynsemishyggju. Þá var Jón í sambandi við menn erlendis þar sem kirkjur mótmælenda voru að hefja umtalsvert trúboð sem gerði þær að alþjóðlegri hreyfingu. Verða kynntar til sögunnar heimildir um það og sagt frá þátttöku Jóns varðandi það hugðarefni sitt.

Dagskrá

Staður: Laugarborg á Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit

Tími: Laugardaginn 8. september kl. 11-17.

11:00–11:15 Setning

Ávarp í upphafi – kynning á dagskrá, efnistöfum og fyrirlesurum
Stjórnandi ráðstefnunnar: *Hjalti Hugason, prófessor í kirkjusögu*

11:15–12:15 Maðurinn Jón lærði, söguvið og einstaklingur

Heittrúuð harðneskja. Af séra Jóni, tíðaranda og menningarástandi
Viðar Hreinsson, bókmenntafræðingur

12:15–13:00 Hádegisverður/Hádegishlé – Boðið upp á veitingar á vægu verði

13:00–15:00 Jón lærði, fræðarinn og náttúruvísindin

Sá Guðlega þenkjandi náttúruskoðari
Bjarni E. Guðleifsson, prófessor emeritus í náttúrufræði, lesa valda kafla úr ritinu.
Náttúrskoðarinn og vísindasagan
Porsteinn Vilhjálmsson, prófessor emeritus í eðlisfræði og vísindasögu
Handrit á handritadeild og Veðurdagbækurnar úr Eyjafirði
Sjöfn Kristjánsdóttir, handritafræðingur

15:00– 15:20 Kaffi

15:20–16:35 Jón lærði, embættismaðurinn, guðfræðingurinn og hugsjónamaðurinn

Maður á mörkum — Jón lærði, hugarfar, guðfræði og trú
Hjalti Hugason, prófessor í kirkjusögu
Presturinn og trúboðsá hugamaðurinn, „útbreiðsla Guðs ríkis“ meðal framandi þjóða,
Guðmundur Guðmundsson, héraðsprestur
Umræður verða eftir hvern fyrirlestur og samantekt í lokin

16:45 Opnun sýningar á „Safni Jóns lærða“ á bókasafninu á Hrafnagili

Kynning á bókasafninu og sýningunni

Margrét Aradóttir, bókavörður

Ráðstefnan er styrkt af Norðurorku, Eyjafjarðarsveit og Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.


Undirbúningsnefnd: Bjarni E. Guðleifsson, Guðmundur Guðmundsson, Hjalti Hugason.

Ítarlegri lýsing á fyrirlestrum

11:15–12:15 Maðurinn Jón lærði, söguvið og einstaklingur

Heittrúuð harðneskja. Af séra Jóni, tíðaranda og menningarástandi

Viðar Hreinsson, bókmenntafræðingur



Viðar Hreinsson í essinu sínu
(Myndina tók Þorsteinn Surmeli)

Í erindinu verður lauslega dregið á ættir og uppruna séra Jóns og síðan stiklað á helstu æviatriðum hans, en hann hóf prestskap á einhverjum mestu hörmungartímum Íslandssögunnar. Meðal annars verður staldrað við rímu þá sem hann orti á námsárum sínum um kamarsetu Þorsteins skelks sem fornar sögur greina frá. Þá verða raktar þær sögur sem gengið hafa af siðavandri harðneskju séra Jóns og skýringa leitað í samfélagi og tíðaranda. Loks verður fjallað um menningarástand í samtíma hans og dregið á samspil prentverks og handritamenningar eins og það birtist í Eyjafirði fram á dögum Jóns. Í því skyni verða kallaðir til leiks helstu bókamenn sveitarinnar á dögum Jóns.

12:15–13:00 Hádegisverður/Hádegishlé - Boðið upp á veitingar á vægu verði




Sá Guðlega þenkjandi náttúruskoðari

Bjarni E. Guðleifsson, prófessor emeritus í náttúrufræði

Bjarni hefur nokkur inngangsorð um afritun ritsins á nútímamál sem hann hefur unnið og les valda kafla úr því.

Náttúruskoðarinn og vísindasagan

Þorsteinn Vilhjálmsson, prófessor emeritus í eðlisfræði og vísindasögu



Í erindinu verður leitast við að skoða rit Suhms og Jóns lærða, Náttúruskoðarann, í samhengi við samtíma þess og umhverfi, einkum frá sjónarmiði vísindasögunnar. Þar koma við sögu bæði eðlisfræði, stjörnufræði og líffræði, en sú síðastnefnda var einmitt á forvitnilegu þróunarskeiði um aldamótin 1800 þegar ritið var skrifað. Einnig verður vikið orðum að höfundinum, Pétri Friðriki Suhm, og náttúruvísindum í Danmörku og Noregi um þetta leyti.

Handrit á handritadeild og Veðurdagbækurnar úr Eyjafirði

Sjöfn Kristjánsdóttir, handritafræðingur



Í þessum fyrirlestri munu handrit Jóns Jónssonar lærða skoðuð, þau sem eftir hann liggja í Handritasafni Landsbókasafns. Vel rúmlega hundrað safnmörk í því safni tengjast nafni hans. Þar er um að ræða eiginhandarit hans á verkum sínum, uppskriftir annarra á textum hans, bréfaskipti og svo kveðskap Jóns víða í handritum. Sérstaklega verður fjallað um veðurdagbækur þær, sem hann og faðir hans Jón Jónsson prestur í Grundarþingum héldu samanlagt í um hundrað ár eða frá 1747 til 1846. Litið verður til gildis þeirra og fræðilegrar notkunar á okkar tímum.

15:20–16:35 Jón lærði, embættismaðurinn, guðfræðingurinn og hugsjónamaðurinn



Maður á mörkum – Jón lærði, hugarfar, guðfræði og trú

Hjalti Hugason, Prófessor í kirkjusögu

Í erindinu verður fengist við hugmyndaheim Jóns lærða Jónssonar á sviði guðfræði og trúar en jafnframt á víðara sviði samfélags og menningar. Sérstaklega verður bent á hvernig hann stóð á mörkum gamals tíma og nýs. Annars vegar má líta á hann sem fulltrúa kerfislægs valds í höndum trúarstofnunar. Hins vegar var hann mótaður af nýrri einstaklingshyggju sem óx hröðum skrefum um hans daga. Þá var hann líka mótaður af ólíkum guðfræðilegum hugmyndastráum og má þar einkum nefna lútherskan rétrúnað og pietsima. Í fyrirlestrinum verður grafið fyrir um hvernig félags- og menningarlegir þættir, guðfræðistraumar og persónulegir eiginleikar og skaphöfn mótuðu hugmyndir og athafnir Jóns.

Presturinn og trúboðsá hugamaðurinn, „útbreiðsla Guðs ríkis“ meðal framandi þjóða

Guðmundur Guðmundsson, héraðsprestur

Sr. Jón Jónsson í Möðrufelli tengdist alþjóðlegri trúboðshreyfingu. Hann var í bréfaskiptum við menn erlendis sem Ebeneser Henderson kom honum m. a. í samband við eftir trúboðsferð sína til Íslands 1814-15. Bonne Falk Rønne formaður danska trúboðsfélagsins var einn þeirra og styrkti sr. Jón danska trúboðsfélagið um árabíl. Smárit hans, fyrsta kristilega og evangelíska tímaritið á Íslandi, endurspeglar bókasafnið sem var lengi á kirkjuloftinu á

16:45 Opnun sýningar

„Safni Jóns lærða“ á bókasafninu á Hrafnagili

Kynning á bókasafninu og sýningunni

Margrét Aradóttir, bókavörður



„Safn Jóns lærða“ skoðað af Guðmundi í fyrsta sinn vorið 2013 (M. P.B.P)